



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

---

### **Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um stuðning og eftirlit með starfsemi áfangaheimila**

*Þann 1. mars 2023 lagði fulltrúi Flokks Fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um stuðning og eftirlit með starfsemi áfangaheimila:*

*Flokkur fólksins spyr hvort Reykjavíkurborg sé að styrkja Betra Líf í Vatnagörðum en þar er rekið áfangaheimili fyrir fólk sem glímir við fíkniefnavanda? Er einhver eftirfylgni með áfangaheimilum að þau starfi samkvæmt skilgreiningu áfangaheimila og að öryggi íbúa sé tryggt í úrræðinu. Áfangaheimili er skilgreint sem tímabundinn dvalarstaður fyrir einstaklinga sem hafa átt við áfengis- og fíkniefnavanda að stríða en eru í virkri endurhæfingu eftir meðferð. Málefni áfangaheimila hafa komist í háamæli eftir að eldsvoði varð í einu slíku fyrir skömmu. Þrjátíu manns voru skráðir með aðsetur á hæð hússins við Vatnagarða þar sem eldurinn kom upp. Jafnframt kom fram í fréttum að nokkur fjöldi flóttafólks hafi aðsetur í húsnæðinu. Samkvæmt frásögn íbúa þá er engin eftirfylgni með íbúum og enginn skiptir sér af fólkinu og hafði nágranni hans verið látinn í nokkra daga áður en það uppgötvaðist. Samkvæmt upplýsingum frá sama íbúa þá greiðir hann 140 þúsund krónur í leigu fyrir herbergi sem er fimm til tíu fermetrar að stærð. Flokkur fólksins telur rétt að Reykjavíkurborg skoði þessar upplýsingar því það getur ekki verið boðlegt að bjóða fólki í viðkvæmri stöðu upp á svona ótryggt húsnæði.*

### **Svar:**

Velferðarsvið veitir einungis styrki til reksturs áfangaheimila á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um áfangaheimili en þær reglur falla niður þann 1. apríl nk. Ekki hafa verið veittir styrkir til Betra Lífs í Vatnagörðum þar sem starfsemin uppfyllti ekki skilyrði reglnanna um að einstaklingar sem dvelja á áfangaheimilum skuli vera í virkri endurhæfingu og því litið svo á að það húsnæði falli ekki að þeirri skilgreiningu sem fram kom í reglunum. Vísað er til minnisblaðs sem lagt var fyrir velferðarráð þann 11. janúar sl. en þar er m.a. farið yfir þá styrki sem velferðarsvið veitir til áfangaheimila.

Engar reglur eru til um áfangaheimili að undanskildum ofangreindum reglum Reykjavíkurborgar. Einu lagaheimildirnar um áfangaheimili má finna í húsaleigulögum, lögum um húsnæðisbætur og lögheimilislögum.

Ekkert lögbundið eftirlit með starfsemi áfangaheimila er framkvæmt af hálfu opinberra aðila. Velferðarsvið hefur engar heimildir né skyldur til þess að hafa opinbert eftirlit með öryggi íbúa í húsnæði sem ekki er á ábyrgð sviðsins né með rekstri sem stofnað er til án nokkurrar aðkomu sviðsins.

Velferðarsvið hefur kallað eftir stefnumótun af hálfu félagsmálayfirvalda varðandi rekstur áfangaheimila. Brýnt er að starfsemi verði leyfisskyld og Gæða- og eftirlitsstofnun hafi þá eftirlit



Reykjavíkurborg

með henni. Bent er á nýlega þingsályktunartillögu um leyfisskyldu og eftirlit með áfangheimilum <https://www.althingi.is/altext/153/s/0703.html>.